



# Móttökugeðdeild Landspítala

Móttökugeðdeild 33C er ein fjögurra bráðageðdeilda Landspítala. Hún er almenn legudeild og þar dvelur fólk með margvislegan vanda allan sólarhringinn.

## Öryggis meðferð

Öryggis meðferð felst í að tryggja öryggi sjúklinga og veita þeim stuðning. Meðferðin er einstaklingsmiðuð og stigskipt í almennt eftirlit, eftirlit og sjálfsvígsgát. Meðferðin er endurmetin á hverjum degi.

## Meðferðar- og stuðningsviðtöl

Á deildinni er unnið í meðferðarteymum sem í eru geðlæknir, sérnámslæknir, hjúkrunarfræðingur, sálfræðingur, félagsráðgjafi og stuðningsfulltrúi. Teymið skipuleggur meðferðina og lagar hana í samráði við sjúkling.

Meðferðarviðtöl eru alla virka daga en mismunandi er hvaða starfsmaður teymisins annast þau hverju sinni. Tilgangur þeirra er að meta líðan, meðferð og útskriftarmögu-leika. Stuðningsviðtöl eru veitt þess á milli af hjúkrunarfræðingum eða stuðningsfulltrúum ýmist að frumkvæði sjúklings eða starfsfólks. Sjúklingar eru hvattir til að leita til starfsfólks ef þeim liggur eitthvað á hjarta. Starfsfólk deildarinnar er ávallt reiðubúið að gefa upplýsingar og svara spurningum sem kunna að vakna meðan á dvölinni stendur. Aðstandanda býðst samtal og stuðningur með leyfi sjúklings. Athygli er vakin á að starfsfólk sjúkrahússins er bundið þagnarskyldu.

Við útskrift eru veittar leiðbeiningar um mikilvæg atriði er varða eftirmeðferð s.s. göngudeildarþjónustu, lyfjagjöf og þjónustu sem er í boði utan sjúkrastofnana.

## Heimsóknartímar

Heimsóknir eru leyfðar á deildinni milli kl. 16:00-19:00 en hver heimsóknartími er hálf tími í senn. Sjúklingur bókar heimsóknartíma. Ein heimsókn á dag er leyfð.

## Matartímar

Morgunmatur	kl. 08:30-09:30	Kvöldmatur	kl. 17:30-18:30
Hádegismatur	kl. 11:30-12:30	Kvöldhressing	kl. 20:30-21:00
Síðdegishressing	kl. 14:30-15:00		

## Reykningar

Reykningar eru eingöngu leyfðar á þar til gerðum reyksvæðum. Ekki er leyfilegt að reykja í anddyrum bygginga Landspítala.

Reyktímar eru á tveggja klukkustunda fresti klukkan 08:40, 10:30, 12:30, 14:30, 16:30, 18:30, 20:30 og 22:30.

## Virgni á deild

- Listasmiðja er opin alla daga. Litaslökun er klukkan 14:00 og almenn slökun kl. 20:00.
- Íþróttaviðburðir eru auglýstir og sýndir í sjónvarpi í setustofu.
- Göngutúrar eru hluti af daglegri starfsemi deildarinnar og eru þeir kl. 13:00 og 17:00 alla daga.

Sjúklingar eru hvattir til að nýta sér þá virgni sem í boði er á deildinni.

Virknisetur, sem sjúklingar geta nýtt sér í samráði við starfsfólk deildar, er staðsett á fyrstu hæð.

### Virg þátttaka

Allir eru hvattir til virkrar þátttöku í eigin meðferð. Ef sjúklingur er í vafa er mikilvægt að spyrja um sjúkdóminn og meðferðina og láta starfsfólk vita um liðan. Réttar upplýsingar hverju sinni eru mikilvægar til að hægt sé að skipuleggja meðferðina sem best.

## Lyfjanotkun

Mikilvægt er að fylgja leiðbeiningum um lyfjatöku og láta vita af notkun náttúruylfja og fæðubótarefna, þar sem þau geta haft áhrif á verkun annarra lyfja.

## Notkun farsíma og upptökur

Notkun farsíma er almennt leyfð á deildinni og er á ábyrgð eiganda. Allar myndatökur og myndbandsupptökur eru bannaðar.

## Fatnaður

Sjúklingar eru almennt í eigin fatnaði en föt eru ekki þvegin á deildinni nema í einstaka tilfellum.

## Símanúmer

Símanúmer deildarinnar er 543 4048.